

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá iðnaðar-ráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Orkustofnun, ríkisskattstjóra og Seðla-banka Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík, sem tóku gildi 15. maí 2009. Á grundvelli þeirra laga var 7. ágúst sl. undirritaður fjárfestingarsamningur á milli ríkisstjórnar Íslands, Century Aluminum Com-pany og Norðuráls Helguvík ehf. um byggingu og rekstur álvers í Helguvík.

Tilurð frumvarpsins eru athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um tvö atriði samn-ingsins. Í lögnum er kveðið á um að samningurinn skuli eigi gilda skemur en í 20 ár frá því að framleiðsla hefst í álverinu. ESA benti á að samningur um veitingu ríkisaðstoðar megi ekki gilda lengur en í 20 ár og gerði athugasemd við að upphaf gildistíma hans væri miðað við það tímamark er framleiðsla hefst í álverinu. Er því mælt fyrir um breytt tímamark í ákvæðum frumvarpsins. Jafnframt eru í lögnum ívilnandi reglur fyrir Norðurál Helguvík ehf. um greiðslu stimpilgjalds bæði hvað varðar byggingu og rekstur álversins sem og endur-fjármögnun.

Vegna athugasemda ESA er í frumvarpinu lagt til að heimildin verði þrengd á þann veg að frávik frá greiðslu stimpilgjalds verði eingöngu afmörkuð við skjöl sem eru gefin út í beinum tengslum við byggingu álversins en ekki rekstur þess, auk þess sem ákvæðið nær ekki til endurfjármögnunar.

Unnur Brá Konráðsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Sig-mundur Ernir Rúnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Arndís Soffía Sigurðardóttir og Tryggvi Þór Herbertsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 9. des. 2009.

Jónína Rós Guðmundsdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir. Arndís Soffía Sigurðardóttir,
frsm. með fyrirvara.

Tryggvi Þór Herbertsson,
með fyrirvara.

Margrét Tryggvadóttir.